



Fjölmiðlar og ríkisstjórnir Íslands

Umfjöllun fjölmiðla um stjórnámál frá 2003 til 2013

Ingimar Rolf Björnsson

Lokaverkefni til BA gráðu í Stjórn málafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjölmiðlar og ríkisstjórnir Íslands
Umfjöllun fjölmiðla um stjórnsmál frá 2003 til 2013

Ingimar Rolf Björnsson

Lokaverkefni til BA gráðu í stjórnsmálafræði
Leiðbeinendur: Eva Heiða Önnudóttir og Jón Gunnar Ólafsson

Stjórnsmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
September 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ingimar Rolf Björnsson 2015

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er, annars vegar, að athuga hvort að munur sé á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnsmál og, hins vegar, að bera saman fjölmiðlaumfjöllun yfir tímabil og athuga hvort að það sé fjallað á mismunandi hátt um ríkisstjórnir Íslands út frá upphafi eða lok kjörtímabils. Notast verður við kenningar um dagskrárvald fjölmiðla, þrískiptingu valdsins og fjölmiðlamótun til þess að undirstrika þau völd sem að fjölmiðlar hafa í samfélaginu. Í ritgerðinni er framkvæmd rannsókn og farið yfir eldri rannsóknir sem að styðja við áður nefndar kenningar og þeim síðan beitt í þeirri rannsókn sem framkvæmd er í þessari ritgerð. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það er munur á því hvernig fjölmiðlar fjalla um ríkisstjórnir Íslands í upphafi eða lok kjörtímabils. Einnig er greinanlegur munur á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í tengslum við stjórnsmálaumfjöllun. Helsti munurinn er sá að Morgunblaðið fjallar meira um Samfylkinguna, samanborið við Fréttablaðið og Fréttablaðið fjallar meira um Sjálfstæðisflokkinn, samanborið við Morgunblaðið.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 120 eininga námi í stjórnmálafræði og 60 eininga námi í fjölmiðlafræði. Leiðbeinendur voru Eva Heiða Önnudóttir og Jón Gunnar Ólafsson og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gott samstarf. Einnig vil ég þakka kærustu minni sem hefur veitt mér mikinn stuðning og óendanlega þolinmæði í gegnum ferlið.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
1 Inngangur.....	7
2 Frjálsir fjölmiðlar og stjórnámál.....	10
2.1 Hvað eru fréttir?	10
2.2 Fjölmiðlar og stjórnámál	11
2.2.1 Stjórnámál og þróun fjölmiðla á Íslandi	12
2.3 Frelsi fjölmiðla.....	13
3 Kenningar um fjölmiðla og fjölmiðlarannsóknir.....	15
3.1 Þrískipting valdsins og fjórða valdið	15
3.2 Dagskrárvald fjölmiðla	16
3.3 Fjölmiðlamótun og almenningsálit	20
4 Rannsóknarspurningar	23
5 Rannsóknaraðferð, greining og gögn	25
5.1 Innihaldsgreining	25
5.2 Rannsóknasnið og gögn.....	26
6 Innihaldsgreining	29
6.1 Samanburður á blöðunum	29
6.2 Neikvæðni fréttar	33
7 Umræður.....	36
7.1 Er greinanlegur munur á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnámál?	36
7.2 Fjalla fjölmiðlar á mismunandi hátt um ríkisstjórnir í upphafi og lok kjörtímabils þeirra?	37
8 Lokaorð.....	39
Heimildaskrá.....	40
Viðauki A.....	43

Listi yfir töflur og myndir

Mynd 1 Línur í rannsókn Asch.....	19
Mynd 2 Fjöldi fréttu um stjórnsmál eftir miðlum og tímabilum.....	29
Mynd 3 Hlutfall fréttu um stjórnsmál eftir miðlum og tímabilum	30
Mynd 4 Hversu stór er fréttin?	31
Mynd 5 Hvaða flokki tilheyra þeir stjórnsmálsmenn sem nefndir eru?	32
Mynd 6 Hversu oft eru menn nefndir?	33
Tafla 1 Er fréttin skrifuð á neikvæðan hátt?	34
Tafla 2 Fjallar fréttin um neikvæða hluti?	34

1 Inngangur

Í þessari ritgerð er fjallað um fjölmiðla og stjórnmál og tenginguna þar á milli. Af hverju fylla sumir atburðir upp í fréttadálkanna meðan að aðrir fá litla sem enga athygli? Af hverju verða sumar fréttir forsíðufréttir meðan að aðrar fréttir fá einungis örfáar línur á baksíðu blaðanna? Hvað er það sem ákveður hvað er frétt næmt og hvað ekki? (Allern 2002, 137-138).

Fjölmiðlar hafa tvöfalt eðli. Annars vegar tákna þeir félagslega stofnun sem hefur ómissandi hlutverk hvað varðar grunn pólitísk gildi eins og tjáningarfrelsi og lýðræði. Hins vegar eru þeir fyrirtæki sem framleiða söluvöru, upplýsingar og afþreyingu, fyrir markaðinn.

Á sama tíma hafa fréttamiðlar áhrif langt út fyrir markaðinn vegna þess að afurðir þeirra hafa áhrif á sýn okkar á heiminn. Einnig er mikilvægt að vita hverjir stjórna fjölmiðlunum. Persónur eins og Rupert Murdoch og Silvio Berlusconi minna okkur á það að stjórn yfir fjölmiðlum getur verið lykillinn að pólitísku valdi og fjölmiðlar eru sífellt að stækka og eflast (Allern 2002, 137-138).

Fjölmiðlar flytja ekki einungis fréttir heldur einnig pistla á mannlegum nótum, afþreyingu, innsendar greinar og margt fleira. Í Noregi eru hreinar fréttir til dæmis einungis tæplega 20% af útsendingartímanum, bæði hjá ríkissjónvarpinu, NRK Fjernsynet, og hjá sjónvarpsstöðinni TV2 sem er í einkaeigu (Allern 2002, 137-138).

Rannsóknir á fjölmiðlum hafa verið fjölmargar allt frá upphafi 20. aldar. Ekki er aðeins verið að rannsaka áhrif fjölmiðla á notendur heldur einnig það hvað veldur því að fólk hefur almennt svona mikinn áhuga á fjölmiðlaefni. Þessar vangaveltur eiga rétt á sér frá fræðilegu sjónarhorni séð og hafa þær verið settar inn í ákveðnar kenningar. Fyrri rannsóknir á innihaldi fjölmiðlaefnis tengdu efnið við ýmis félagsfræðileg vandamál hjá notendum. Mest áhersla var lögð á að rannsaka hvernig og hvort ofbeldisefni í myndmiðlum hafði áhrif á notendur þess.

Eldri rannsóknir gerðu ráð fyrir því að efni fjölmiðla hefðu bein áhrif á notendur þeirra og væru því fjölmiðlar nokkurs konar áróðursvél sem réði öllu. Notendur væru því hugsanalausar verur sem tækju öllu fjölmiðlaefni sem hreinum sannleik og yrðu þar af leiðandi fyrir miklum áhrifum af því (McQuail 2010, 340-341).

Rannsóknir á fjölmiðlum hafa breyst mikið síðan fyrri hluta 20. aldar og hafa rannsóknir á fjölmiðlaefni orðið töluvert flóknari og efnismeiri. Það má segja að í dag sé innihald textans ekki eingöngu það sem rannsakendur hafa áhuga á heldur frekar það sem er undirliggjandi undirliggjandi sem hægt er að finna í textum og efni fjölmiðla. Það er að segja hvort að það sé eitthvað annað en textinn eða efnið sjálft sem er áhugavert (McQuail 2010, 340-341). Það er nákvæmlega það sem innihaldsgreining (e. content analysis) gengur út á. Að taka mikið magn fjölmiðlaefnis, til dæmis texta, og athuga hvort að það sé hægt að finna

einhvern sameiginlegan grundvöll í honum. Það er að segja hvort að það sé hægt að bera saman tvo, eða fleiri, ólíka texta og finna sameiginleg einkenni í þeim.

Ein af grunnforsendum fyrir samfélag, og stjórnsmál innan þess, eru samskipti. Fjölmiðlar og stjórnsmál eru bundin af samskiptum. Án samskipta væru engin stjórnsmál né fjölmiðlar, þar sem þessir þættir byggjast á samskiptum. Þar af leiðandi skipta samskipti miklu máli í gegnum allt okkar líf. Samskipti eru notuð til þess að fræða, upplýsa, sannfæra og stjórna og í gegnum samskipti er samfélag okkar mótað og menning breidd út (Hague og Harrop 2010, 139-141).

Stjórnsmál snúast nánast að öllu leyti um samskipti á einn eða annan hátt. Frjálst flæði upplýsinga er eitt próf sem hægt er að gera til þess að meta hvort að ríki eru lýðræðisleg, ólýðræðisleg eða valdboðsríki. Í lýðræðisríki eiga allir þegar að geta fengið upplýsingar um mismunandi stefnumál stjórnvalda og geta myndað sína skoðun út frá því. Í ólýðræðislegu ríki eru fjölmiðlar töl sem að stjórnvöld nota til þess að ná yfirráðum yfir þegnum sínum og í valdboðsríki geta ríki ákveðið að veita engar upplýsingar til þegna sinna (Hague og Harrop 2010, 139-141).

Þar af leiðandi eru fjölmiðlar mjög mikilvægir fyrir lýðræðið sem og samfélagið í heild. McCombs og Shaw (1972) bentu á að fjölmiðlar geti stjórnað umræðunni í samfélaginu með því að ákveða hvað skuli fjalla um og hvað ekki og nefnist sú hugmynd dagskrárvald fjölmiðla. McCombs og Shaw telja að fjölmiðlar séu mjög valdamiklir þegar kemur að þessu dagskrárvalds hlutverki og er því mikilvægt að skoða fjölmiðlana sjálfa betur.

Markmið ritgerðgerðarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að bera saman Morgunblaðið og Fréttablaðið og athuga hvort að munur sé á umfjöllun blaðanna. Greint er hvort að Morgunblaðið fjalli oftar um ríkisstjórn Íslands þegar Sjálfstæðisflokkurinn er við völd og hvort Fréttablaðið fjalli oftar um ríkisstjórn Íslands þegar Samfylkingin er við völd. Ástæðan fyrir því að þessi blöð og flokkar eru teknir fyrir er í fyrsta lagi sú að þessi blöð eru gefin út í dag og hafa verið starfrækt í ákveðin tíma. Í öðru lagi að í almennri umræðu hefur Morgunblaðið verið sakað um að vera hallt undir Sjálfstæðisflokkinn (Morgunblaðið 2005) og Fréttablaðið sakað um að vera hallt undir Samfylkinguna (Múrinn 2004). Áhugavert er því að sjá hvort að blöðin fjalli á svipuðum nótum um stjórnsmál eða hvort að þau hallist í átt að ákveðnum flokkum. Ákveðið var að fjalla eingöngu um fréttablöð í þessari rannsókn en ekki aðra miðla eins og sjónvarp eða útvarp. Ástæðan fyrir því er að þessi fréttablöð hafa í gegnum tíðina verið sökuð um að halli undir ákveðna flokka.

Í öðru lagi að athuga hvort að umfjöllun fjölmiðla um ríkisstjórnir Íslands sé breytileg eftir því hvort að þær séu í upphafi kjörtímabils síns eða í lok þess. Í þeim efnum verður farið yfir fréttaflutning miðlanna og greint hvort miðlarnir fjalli neikvæðar um stjórnsmál í lok kjörtímabila samanborið við upphaf þeirra. Notast verður við innihaldsgreiningu sem

rannsóknaraðferð. Markmiðið með þessu er að sjá hvort að seta flokks í ríkisstjórn hafi áhrif á umfjöllun blaðanna.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er fjallað um sögulega þróun og frelsi fjölmiðla almennt og saga íslensku flokksblaðanna svokölluðu skoðuð. Því næst er farið yfir þrjár kenningar sem snúa að valdi fjölmiðla og hvernig fjölmiðlar geta mótað almenningsálitið. Þar eru kenningarnar skilgreindar og fjallað um rannsóknir sem hafa verið gerðar í fræðunum í gegnum tíðina. Að því loknu er fjallað um rannsóknarspurningar, rannsóknaraðferð og gögn rannsóknar þessarar ritgerðar og, í framhaldi af því, niðurstöður rannsóknarinnar. Að lokum verða niðurstöður teknar saman og skoðaðar í fræðilegu ljósi.

2 Frjálsir fjölmiðlar og stjórnsmál

Til þess að öðlast betri skilning á tengslum fjölmiðla við stjórnsmál er hér farið yfir skilgreiningu á fréttum, það er að segja hvað gerir frétt að frétt, þróun fjölmiðla og frelsi þeirra. Í framhaldi af því er fjallað um þróun fjölmiðla á Íslandi í tengslum við stjórnsmál, flokksblöðin svokölluðu.

2.1 Hvað eru fréttir?

Á hverjum einasta degi eru fréttamenn að leita að fréttum dagsins. Þeir fara til lögreglunnar, slökkviliðsins og eru alltaf á tánum við að elta vísbendingar. Með þessu eru þeir að sinna sínu hlutverki sem hefur verið skilgreint sem rannsakendur á umhverfinu. Lokaniðurstaðan er hins vegar ekki endilega spegilmynd af umhverfinu heldur sköpunarverk undir áhrifum frá mörgum þáttum (DeFleur og Dennis 1985, 442-443).

En hvað er frétt? Frétt er einn af þessum hlutum sem flestir vita hvað er en þegar fólk er beðið um að skilgreina það er það ekki svo auðvelt. DeFleur og Dennis (1985) vitna í orð bandaríska heimspekingsins Henry David Thoreau sem veitti ákveðna skýringu á þessu fyrirbæri og er hún eftirfarandi:

Ég er viss um að ég hafi aldrei lesið eina einustu frétt sem er mér minnisverð. Ef við lesum um að maður sé myrtur eða rændur, eða hafi dáið í slysi, eða að húsið hans brenni, eða að bátur eyðileggist, eða að skip springi, eða að það sé keyrt yfir kú á Western lestarteinunum, eða brjálaður hundur drepinn, eða mikið af engisprettum á veturna – þá þurfum við aldrei að lesa um það aftur. Ef þú ert kunnugur lögmálinu, hvaða máli skiptir þá fyrir þig þó að það gerist oft? Fyrir heimspeking eru allar fréttir, eins og þær eru kallaðar, slúður, og þeir sem lesa þær eða skrifa eru gamlar konur yfir tebollanum sínum (DeFleur og Dennis 1985, 443). (snarað af höfundu ritgerðar)

Blaðamenn gætu svarað Thoreau á þeim nótum að þeir eru að leita að sannleikanum, ekki slúðri.

Dálkahöfundurinn Walter Lippman benti eitt sinn á að fréttáöflun og leit að sannleikanum væru tveir ólíkir hlutir. Hann sagði að hlutverk fréttu væri að gera ákveðin atburð eftirminnilegan en hlutverk sannleikans væri að hleypha földum staðreyndum upp á yfirborðið. Fréttasöfnun stoppar oft þegar búið væri að gera atburðinn eftirminnilegan en sleppir þeim staðreyndum sem þarf til að ná sannleikanum fram (DeFleur og Dennis 1985, 442-443).

Einnig er hægt að skilgreina frétt á þann veg að þegar eitthvað óeðlilegt gerist, þá er það frétt. Til dæmis ef að hundur bítur mann þá er það ekki frétt en ef að maður bítur hund þá er það frétt. Í þessu dæmi er það mjög óeðlilegt að maður bítur hund og er þess vegna

frétt næmt en það þykir ekki mjög óeðlilegt að hundur bítí mann og er það því ekki frétt næmt. Aðrir segja að frétt sé eitthvað sem að þú vissir ekki í gær, eitthvað óeðlilegt og óvænt. Ef að flugvél fer í loftið á réttum tíma þá er það ekki frétt en ef að hún fer í loftið fjórum tímum fyrir auglýstan brottfarartíma er það orðin frétt. Það var óeðlilegt og óvænt að flugvélin færi fyrr á stað en hún átti að gera og er það því orðinn frétt (DeFleur og Dennis 1985, 442-443).

2.2 Fjölmiðlar og stjórnmál

Eins og fram hefur komið eru samskipti forsenda fjölmiðla og stjórnmála og með því að skoða sögulega þróun fjölmiðla kemur í ljós það mikla samband á milli samskipta og stjórnmála. Kenningar eru um að útbreiðsla samskipta hafi ýtt undir meiri þjóðarvitund og stækkun ríkja, sérstaklega á 19. og 20. öld. Fjölmiðlar veittu tvístruðum þjóðum sameiginlegann grundvöll fyrir málefni og sameinuðu þeir því borgarana í pólitískar einingar (Hague og Harrop 2010, 139-141).

Þó að dagblöð væru mikilvægur þáttur í pólitískum samskiptum framan af komu ljósvakamiðlar, það er að segja sjónvarp, útvarp og kvikmyndahús, fram á sjónarsviðið á 20. öldinni sem tóku við þessu hlutverki. Þessir miðlar voru frábrugðnir blöðunum að því leitinu til að notað var talmál í staðinn fyrir ritmál og gerði það umræðuna oft á tíðum mun persónulegri en hún hafði áður verið (Hague og Harrop 2010, 139-141).

Í upphafi voru fáar ríkis-sjónvarpsstöðvar sem réðu yfir markaðnum í flestum löndum og sáu þær um allt frá mikilvægum þjóðarviðburðum til affpreyinga. Með því að veita sameiginlegann grundvöll fyrir þessi samfélög, sem ennþá voru mjög stéttaskipt, virkuðu þessir nýju miðlar sem eins konar samþjöppun fyrir íbúana (Hague og Harrop 2010, 142).

Ljósvakamiðlar höfðu strax í upphafi mikil áhrif á stjórnmálamenn. Stjórnmálaleiðtogar urðu að tileinka sér nýja samskiptatækni. Það er ekki það sama að tala til fjölda kjósenda í ræðupúlti, með líkamstjáningu og tilheyrandi og að tala til þeirra í gegnum útvarp þar sem fólk situr í stofunni á heimili sínu og hlustar eða horfir á (Hague og Harrop 2010, 142).

Listin var að tala við milljónir manns eins og það væri verið að spjalla við hvern einstakling út af fyrir sig. Franklin Roosevelt, fyrrverandi Bandaríkjaforseti er gott dæmi um þessa nýju nálgun. Á fjórða áratug 20. aldar var ræða Roosevelt send út í beinni útsendingu í útvarpi til bandarísku þjóðarinnar og talaði hann ekki til borgaranna heldur sem borgari sjálfur og er talið að það hafi átt sinn þátt í að hann öðlaðist traust samborgara sinna. Að þessu leyti breyttu ljósvakamiðlar pólitískum samskiptum (Hague og Harrop 2010, 142).

Ljósvakamiðlar hafa einnig haft gífurleg áhrif á fátæk lönd en ekki af sömu ástæðu. Í þróunarríkjum hafa ljósvakamiðlar tvo stóra kosti fram yfir prentmiðla. Í fyrsta lagi þarf ekki að koma ljósvakamiðlunum til hvers og eins notenda og í öðru lagi ná þeir til þeirra jarðarbúa sem eru ekki læsir, en það er um 20%. Þessir kostir ýttu undir útbreiðslu útvarps í fátækum

löndum þar sem að þorpsbúar gátu sameinast yfir einu útvarpstæki og fengið upplýsingar um málefni líðandi stundar. Í dag hefur um helmingur íbúa þróunarlanda einnig aðgang að sjónvarpi (Hague og Harrop 2010, 142).

2.2.1 Stjórnmal og þróun fjölmiðla á Íslandi

Í tengslum við þá viðteknu skoðun að fjölmiðlar séu hallir undir ákveðna flokka, eða séu svokölluð flokksblöð, er mikilvægt að skoða þróun fjölmiðla á Íslandi. Undir lok 19. aldar byrjaði að færast töluverður vöxtur í útgáfu blaða og tímarita hér á landi. Á árunum 1880-1920 fimmfaldaðist blaðafjöldinn og fóru einnig auglýsingatekjur að skipta máli í rekstri blaðanna. Fyrstu dagblöðin fóru að líta dagsins ljós með tilkomu Morgunblaðsins árið 1910, Tímans 1917 og Alþýðublaðsins 1919. Í kjölfarið var Þjóðviljinn stofnaður eftir klofning í Alþýðuflokknum og stofnun Kommúnistaflokksins. Dagblaðið var stofnað árið 1976 eftir klofning í ritstjórn Vísis en þessi blöð sameinuðust síðan árið 1981 undir nafninu DV (Dagblaðið Vísir). Dagur á Akureyri varð dagblað árið 1984, Fréttablaðið kom til sögunnar 2001 og Blaðið bættist loks við árið 2005 (Þorbjörn Broddason 2005, 52-54).

Meirihlutann af 20. öldinni voru flest íslensku blöðin í eigu stjórnmalaflokkanna og voru þau notuð sem málagn fyrir þá. Þó að vissulega sé það ekki vænlegasta staðan að blöðin hafi verið í eigu stjórnmalaafla þess tíma var það samt ekki alsæmt. Til að myndi ýtti það undir dreifingu blaðanna þar sem að margir litu á það sem skyldu sína að vera áskrifandi blaðanna því þar með væru þeir að styrkja sinn flokk. Einnig urðu oft mjög snarpar umræður á blöðunum þar sem fólk var að takast á um hin ýmsu málefni með mismunandi nálgunum. Blöðin hafa hinsvegar verið rekin með mikla hagsmunagæslu fyrir augum og getur það seint talist eftirsóknarverð blaðamennska. Fyrirtæki áttu það til fyrir efnahagshrunið 2008 að bjóða blaðamönnum í dýrar og veigamiklar ferðir út í heim með það að markmiði að blaðamenn kæmu síðan aftur til Íslands og skrifuðu miklar lofgreinar um fyrirtækin. Þau náðu með þessu móti að rækta ákveðið vináttusamband við fjölmiðlamenn og eigendur fjölmiðlafyrirtækja og fengu þeir það borgað, eins og áður sagði, í jákvæðri umfjöllun í blaðinu (Þorbjörn Broddason 2005, 55-56).

Í dag er Morgunblaðið eina blaðið sem eftir er af gömlu flokksblöðunum þó það sé ekki lengur í eigu Sjálfstæðisflokksins. Vissulega styður blaðið ennþá flokkinn en hann hefur ekki völd yfir blaðinu eins og hann gerði áður fyrr. Á sama hátt hefur Fréttablaðið verið nefnt sem flokksblað Samfylkingarinnar en þar sem að það var ekki stofnað fyrr en 2001 (Vísir 2011) er það ekki jafn víðtekin skoðun og hefur það aldrei opinberlega stutt Samfylkinguna. Í dag er stefna blaða að vera óháð og laða að sér nýja lesendur og eru þau knúin til að feta meðalveg stjórnmalanna í ritstjórnarstefnu sinni. Þetta getur leitt til þess að umræða innan blaðanna verði nokkuð flatneskjuleg og ástríðulaus. Ein leið sem Morgunblaðið, Fréttablaðið

og fleiri blöð hafa farið til að sporna við þessu er að veita almenningi pláss í blaðinu fyrir skoðanir og eru það svokallaðar innsendar greinar. Með þessu móti getur skapast líflæg umræða innan blaðanna sem ritstjórnin þarf ekki að taka neina ábyrgð á (Þorbjörn Broddason 2005, 55-56).

Fjölmiðlar og stjórnsmál eru tveir ólíkir hlutir en samt sem áður mjög svipaðir. Forsenda beggja eru samskipti því að um hvorugt væri að ræða ef ekki væri til staðar virk samskipti á meðal fólks. Ef að allir væru alltaf sammála um allt væru stjórnsmál algjörlega óþörf og í rauninni fjölmiðlar líka. Fjölmiðlar hafa þróast mikið í gegnum tíðina og hafa stjórnsmálin þróast með þeim. Fjölmiðlar hafa hjálpað flokkum að koma sér á framfæri og flokkar hafa hjálpað fjölmiðlum að vaxa og dafna. Þegar ljósvakamiðlar komu fram á sjónarsviðið var ekki nóg fyrir stjórnsmálsmenn að skrifa pistla til þess að öðlast fylgi heldur þurftu þeir að koma vel fyrir þar sem þeir voru í raun komnir inn á hvert einasta heimili og þróuðust stjórnsmálin því í samræmi við fjölmiðlana (Hague og Harrop 2010, 142).

2.3 Frelsi fjölmiðla

Frelsi er yfirleitt talin meginregla hvernar kenningar um opinber samskipti. Leitin að tjáningarfrelsi og frelsi til útgáfu hefur verið megin þema í sögu fjölmiðla og er tengd nánnum böndum við lýðræði eins og fram hefur komið. Samt sem áður eru mismunandi gerðir og sjónarmið á hugtakinu frelsi og er erfitt að skilgreina það. Frelsi er ástand, frekar en mælikvarði á frammistöðu, og á þar af leiðandi fyrst og fremst við formgerð. Þegar rétturinn til frelssis er til staðar getum við ekki svo auðveldlega greint á milli einnar notkunar á tjáningarfrelsi og annarrar, innan takmarka laganna (McQuail 2010, 193).

Samskipta frelsi hefur tvenns konar sjónarmið, annars vegar að bjóða upp á breitt svið skoðana og, hins vegar, að bregðast við breiðu sviði krafna eða þarfa. Til þess að tjáningarfrelsi og frelsi til útgáfu teljist vera til staðar þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi verður almenningur að hafa aðgang að boðleiðum tjáningarfrelssis, til að mynda fréttablöðum til að koma skoðunum sínum á framfæri. Einnig verður almenningur að hafa tækifæri til að móttaka fjölbreyttar upplýsingar, það er að segja hafa aðgang að upplýsingum eins og til dæmis fréttablöðum og ljósvakamiðlum. Megin skilyrði fyrir árangursríku fjölmiðlafrelsi samkvæmt McQuail (2010, 193) eru eins og hér segir:

- Fjarvera ritskoðunar, starfsleyfis eða annars konar stýringar af hálfu ríkisstjórna þannig að fjölmiðlar hafi óhindraðan rétt til að birta og dreifa fréttum og skoðunum og beri ekki skyldu til að birta eitthvað sem ekki er vilji fyrir.
- Jafn réttur og möguleiki fyrir borgara til að hafa aðgang að boðleiðum til tjáningar og að sama skapi jafn réttur sem notendur, það er að segja réttur til að miðla og að taka á móti.

- Raunverulegt sjálfstæði fjölmiðla frá óhóflegri stjórnun og afskiptum eigenda og utanaðkomandi pólitískra afla
- Samkeppnishæfni kerfisins, þar sem kross eignarhald fjölmiðla er takmarkað
- Frelsi fréttamiðla til að afla sér upplýsinga frá viðeigandi aðilum.

Þessi skilyrði skilja eftir mörg atriði óleyst. Til dæmis getur frelsi til opinberra samskipta aldrei verið algilt heldur þarf það að viðurkenna takmörk til þess að klekkja ekki á frelsi annarra (McQuail 2010, 193-194).

Ætlast er til þess að fjölmiðlar notfæri sér frelsi sitt til að fylgja virkri og gagnrýnni ritstjórnarstefnu og að útvega áreiðanlegar og mikilvægar upplýsingar. Frjáls fjölmiðill á ekki að vera óþarflega fylgispakur og á að einkennast af fjölbreyttum skoðunum og upplýsingum. Fjölmiðlar eiga að hafa það hlutverk að vera rannsakendur og eiga að vera varðhundur almennings gagnvart þeim sem fara með völdin í samfélaginu. Þetta kemur ekki í veg fyrir að fjölmiðlar taki afstöðu til málefna, en þeir eiga ekki að vera eingöngu áróðursmiðlar. Frjálst fjölmiðla kerfi einkennist af nýsköpun og sjálfstæði. Frelsis skilyrðin ættu að leiða til frumleika, sköpunargáfu og fjölbreytileika fjölmiðlanna (McQuail 2010, 193-194).

3 Kenningar um fjölmiðla og fjölmiðlarannsóknir

Til að öðlast betri skilning á því hversu mikil áhrif fjölmiðlar hafa á samfélagið verður hér gerð grein fyrir þremur mikilvægum kenningum sem tengjast efni ritgerðarinnar. Í fyrsta lagi er það kenningin um fjórða valdið. Margir vilja meina að fjölmiðlar séu orðnir það valdamiklir að það ætti að bæta þeim inn í þrískiptingu ríkisvaldsins, það er að segja, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald, og væru fjölmiðlar því fjórða valdið. Í öðru lagi er það kenningin um dagskrárvald fjölmiðla sem snýr einnig að valdi fjölmiðla. Mikilvægt er að átta sig á því að fjölmiðlar hafa vald til þess að ákveða hvað á að setja á dagskrá og hafa þar af leiðandi vald yfir því hvaða málefni er fjallað um. Í þriðja og síðasta lagi er það kenningin um fjölmiðlamótun og almenningssálitið. Hvort eru það fjölmiðlar sem móta almenningssálitið eða eru þeir eingöngu að endurspeglar almenningssálitið?

3.1 Þrískipting valdsins og fjórða valdið

Þrískipting ríkisvaldsins, í löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald má rekja til franska stjórnspekingins Montesquieu ([1748]1989). Hann var fyrstur til þess að koma með þá hugmynd að þessir þrjú megin þættir ríkisins skyldu vera aðgreindir. Þessi þrískipting ríkisvalds er rituð í 2. gr. stjórnarskrá Íslands og er hún svohljóðandi: „*Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.*“ (Lög nr. 33/1944, 2. gr.). Í þingræðisríkjum eru framkvæmdavald og löggjafarvald að hluta samofin, framkvæmdavaldið undirbýr lög og ef að ríkisstjórn hefur meirihluta á þingi getur þingið samþykkt þau lög að mestu leyti óbreytt. Á Íslandi samræmist þetta því ekki alveg kenningum Montesquieu um þrískiptingu ríkisvaldsins þar sem að Ísland er þingræðisríki og eru löggjafarvald og framkvæmdarvald samofin að hluta (Gunnar Helgi Kristinsson 2007, 165).

Í seinni tíð hefur fjölmiðlum verið bætt við þessa þrískiptingu valds Montesquieu og eru þeir gjarnan nefndir fjórða valdið. Þó að fjölmiðlar hafa engin sérstök völd skilgreind í stjórnarskrá, eins og til að mynda Alþingi, hafa þeir mikil áhrif á samfélagið og hafa þeir oft óbein áhrif á ríkisstjórnir. Því er rökrétt að segja að þeir búi yfir raunverulegu valdi í klassískum félagsfræðilegum skilningi og má því ekki líta framhá þeim þegar verið er að skoða valdastrúktúr ríkja. Að þessu gefnu hafa fjölmiðlar, og þeir sem hjá þeim starfa, mikla ábyrgð á stjórnskipun ríkja og er hlutverk fjölmiðla fólgið í því að hafa eftirlit með hinum þremur valdabáttanna, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldi, og að vera nokkurs konar varðhundur fyrir almenning gagnvart hinum þeim. Með öðrum orðum er hlutverk fjölmiðla að færa almenningi fréttir af því mikilvægasta sem er að gerast hjá löggjafar-, framkvæmdar- og

dómsvaldi svo að stjórn ríkisins starfi ekki bara í einrúmi heldur einnig með, og fyrir, almenning í ríkinu (Þorbjörn Broddason 2005, 42-43).

Ein leið fyrir fulltrúa þingsins til að verjast fjölmiðlum er að seilast til áhrifa innan þeirra. Þetta þekkjum við mjög vel á Íslandi þar sem að dagblöðin voru lengi vel í eigu einstaklinga og hópa sem gegndu lykilstöðum á Alþingi, eins og áður hefur komið fram, eða lykilstöðum í ríkisstjórnnum og/eða í efnahagslífi. Þetta er ekki séríslenskt fyrirbæri og þekkest þetta í mörgum löndum út um allan heim. Til að mynda er þetta mjög greinilegt á Ítalíu þar sem fyrrverandi forsætisráðherra landsins, Silvio Berlusconi, átti um 90% af fjölmiðlamarkaðnum þegar hann var við völd og gat því algjörlega stjórnað því hvað fjölmiðlar fjölluðu um (Stille 2006, 34). Einnig lét Beaverbrooks lávarður, breskur blaðafursti, hafa það eftir sér að eina markmið hans með því að eiga dagblöð væri að reka áróður (Þorbjörn Broddason 2005, 42-43).

Hins vegar tryggir það ekki endilega góða blaðamennsku að notendur eigi kost á úrvali fjölmiðla heldur þarf einnig yfirvegun, samvirkusemi og fagleg vinnubrögð hjá þeim sem að vinna við fjölmiðlana. Blaðamenn verða að hafa í huga að hinir raunverulegu skjólstæðingar þeirra er almenningur, en fjölmiðlar eru oft í frekar erfiðri stöðu hvað það varðar þar sem þeir þiggja kaup af einum aðila en vinna fyrir annan. Það sem hér er átt við er að eigandi fjölmiðilsins borgar blaðamönnum laun en fréttir eru gerðar fyrir almenning og getur því oft myndast hagsmunarárekstrar á milli eigenda og blaðamanna (McQuail 2010, 194).

3.2 Dagskrárvald fjölmiðla

Fjölmiðlar eru stöðug uppspretta fréttu og fólk nálgast þessar fréttir á ólíkan hátt, sumir úr sjónvarpi eða dagblöðum og aðrir fylgjast lítið með málefnum líðandi stundar. Burtséð frá því hversu mikið eða lítið fólk fylgist með fréttum og úr hvaða miðlum, þá eru fjölmiðlar mikilvægur miðill upplýsinga sem meirihluti fólks reiðir sig á (Lowery og Defleur 1988, 327).

Skiptar skoðanir voru fyrir sjöunda áratug síðustu aldar um það hvort að fjölmiðlar hefðu teljandi áhrif á notendur sína eða ekki. Árið 1940 var framkvæmd rannsókn af Háskólanum í Columbia á skoðunum fólks á forsetaframbjóðendum í Bandaríkjunum og borið saman við umfjöllun fjölmiðla. Niðurstöður leiddu í ljós að það væri líklegast eitthvað annað en fjölmiðlar sem hefðu áhrif á kjósendur, svo sem fjölskylda og vinir (Hodkinson 2010, 87-88). Á hinn bóginn voru sumir fræðimenn sem töldu að fjölmiðlar hefðu teljandi áhrif en að þau áhrif myndu koma fram yfir lengri tíma (Lowery og Defleur 1988, 327). Til að mynda gerði Bandura (1963) rannsókn á tengslum á milli áhorfs barna á ofbeldisefni og árásarhneigðar þeirra. Hans niðurstöður bentu sterklega til þess að það væri samband þarna á milli, það er að segja að áhorf barna á ofbeldisefni leiddi til aukinnar árásarhneigðar þeirra.

Þar sem að rannsóknaraðferðir fyrri tíma, spurningakannanir og tilraunir, höfðu ekki getað svarað spurningunni með fullnægjandi hætti, hvaða rannsóknaraðferð væri þá best til þess fallin að rannsaka þetta málefni? Af þeim sökum var farið að skoða betur fjölmiðlana sjálfa og hvaða hlutverki þeir gegna í samfélaginu, meðal annars til að greina vísbendingar um langtímaáhrif þeirra á notendur (Lowery og Defleur 1988, 327).

Kenningin um dagskrárvald fjölmiðla er rakin til fræðimannanna McCombs og Shaw (1972, 176-187). Kenningin lýsir þeim eiginleika fjölmiðla að hafa áhrif á málefni líðandi stundar, það er að segja hvaða málefni eru nógu merkileg til þess að tala um og hvaða málefni eru það ekki. McCombs og Shaw þróuðu kenninguna út frá rannsókn sinni á forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 1968, Chapel Hill rannsóknin. Rannsóknin fólst í því að fylgjast með hundrað óákveðnum kjósendum fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 1968 og athuga hvaða málefni þeim þóttu mikilvægust og bera það saman við þau málefni sem fjölmiðlar fjölluðu um á þeim tíma. Með óákveðnum kjósendum er verið að tala um þá sem voru ekki búnir að gera upp hug sinn í tengslum við vali á frambjóðanda þegar rannsóknin var framkvæmd. Tilgáta McCombs og Shaw var sú að fylgni væri á milli þeirra málefna sem að fjölmiðlar fjölluðu um og þeirra sem að kjósendurnir töldu mikilvæg. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á mjög sterkt samband þarna á milli og þróuðu þeir því kenninguna um dagskrárvald fjölmiðla út frá því.

Kenningin um dagskrárvald fjölmiðla studdi það sem bandaríski fréttamaðurinn, Walter Lippmann, (2012) hafði veitt veitt athygli snemma á 20. öldinni, að fólk sem hefði einungis mjög takmarkaða möguleika á að fylgjast með mikilvægum atburðum frá fyrstu hendi reiddi sig á fjölmiðla um að veita því upplýsingar um hvernig þessir atburðir væru. Hann hélt því fram að hlutverk fjölmiðla væri að veita okkur upplýsingar um það hvernig heimurinn væri og að við getum síðan myndgert þær upplýsingar í huganum. Lippmann skildi að það væri oft mjög mikill munur á því sem að fjölmiðlar sögðu að hefði gerst og það sem hefði raunverulega gerst. Hann velti því fyrir sér að ef fjölmiðlar gefa í skyn á einhvern hátt með þeirra framsetningu á efninu að einn hlutur sé mikilvægari en annar byrja lesendur þá að trúa að það sé þannig í raunveruleikanum? (Lowery og Defleur 1988, 328-329).

Á síðari tímum voru margar fyrri kenningar færðar yfir í rannsóknir á fjölmiðlum og einna helst, rannsóknir á fréttáflutningi fjölmiðla. Mikilvæg vísbending um hvaða áhrif fjölmiðlar geta haft á notendur sína kom frá Cohen (1963). Hann sagði að fjölmiðlar væru vanalega ekkert mjög árangursríkir við að segja fólki hvað það á að hugsa en þeir væru hins vegar mjög árangursríkir við að segja fólki hvað það eigi að *hugsa um*. Þessi tiltölulega einfalda alhæfing veitti mikilvægan þátt í þróun kenningarinnar um dagskrárvald fjölmiðla (Lowery og Defleur 1988, 328-329).

Fjölmiðlar geta vitanlega ekki fjallað um alla atburði sem gerast og verða því að velja úr atburðum líðandi stundar hvað skal fjalla um hverju sinni. Á hverjum degi færa fjölmiðlar

upplýsingar til áhorfenda sinna sem fjölmiðlarnir sjálfir eru búnir að ákveða að séu mikilvægir, eða að minnsta kosti mikilvægari en aðrir atburðir sem eru að gerast á sama tíma. Fjölmiðlar veita því stanslaust flæði upplýsinga til áhorfenda sinna. Þessar upplýsingar, hversu þjagaðar þær kunna að vera, veita milljónum manns upplýsingar um það hvað er að gerast í þeirra þjóðfélagi og er þeirra helsta heimild. Sú hugmynd að fjölmiðlar stjórni skoðunum, trú og hegðun fólks á sér litla stoð í raunveruleikanum en það er nokkuð greinilegt að fjölmiðlar koma fram með málefni fyrir almenning til þess að hugsa um (Lowery og Defleur 1988, 327-329).

Það er margt sem hefur áhrif á það sem fjölmiðlar fjalla um, meðal annars stjórnámálemenn, embættismenn og forsetar en einnig aðrir fjölmiðlar. New York Times spilar oft þetta dagskrárvalds hlutverk þar sem að frétt á forsíðu þess getur gert atburði frétt næma. Til að mynda urðu mengun Love Canal skurðarins í New York og efnamengunin í Pennsylvaníu ekki að fréttæfni um öll Bandaríkin fyrr en að New York Times byrjaði að fjalla um þau, þrátt fyrir mikla umfjöllun í staðar blöðum ríkjanna. Það sama má segja um eiturlyfjavandann í lok 9. áratugarins. Það var ekki fyrr en að New York Times byrjaði að fjalla um vandamálið árið 1985 að hinir fjölmiðlarnir tóku við sér (McCombs og Reynolds 2009, 11-12).

Einnig er vert að minnast á kenninguna um þöggunarsvelginn (e. spiral of silence) í þessu samhengi, en hægt er að segja að sú kenning sé hin hliðin á kenningunni um dagskrárvaldið. Kenningin er komin frá þýska fjölmiðla- og stjórn málafræðingnum Noelle-Neumann (2009) og fjallar um almenningsálit. Samkvæmt kenningunni verður fólk fyrir mikilli pressu þegar það er með aðrar skoðanir en meginþorri almennings og leynir því frekar skoðunum sínum og tekur upp ríkjandi skoðanir.

Samkvæmt Noelle-Neumann er hræðslan um einangrun það helsta sem drífur þöggunarsvelginn áfram. Hún bendir á rannsóknir sálfræðingsins Solomon Asch máli sínu til stuðnings. Asch sýndi fram á það að fólk myndi hundska hvað þeirra eigin skynfæri væru að segja þeim og færa sig yfir í ríkjandi skoðun hópsins. Asch gerði fræga rannsókn þar sem fjórar línur, A, B, C og X, (sjá mynd 1) voru á blaði og fólk átti að segja hvaða lína væri líkust X þar sem A, B og C væru mislangar. Við skoðun á myndinni er augljóst að lína B sé líkust X en Asch lét samverkamenn sína í rannsókninni segja að C væri líkust X og kannaði hvort að fólk myndi halda sannfæringu sinni og velja B eða velja þá niðurstöðu sem var ríkjandi innan hópsins, það er C. Við þessar aðstæður byrjar fólk að upplifa kvíða vegna mögulegra viðbragða annarra ef að það hagar sér ekki í samræmi við ákvörðun hópsins. Niðurstöður Asch sýndu fram á að flestir þorðu ekki að vera öðruvísi en hópurinn, voru hræddir um að vera einangraðir frá hópnum, og völdu því línu C þó að greinilegt væri að B væri rétta svarið.



Mynd 1 Línur í rannsókn Asch¹

Noelle-Nuemann telur að fjölmiðlar ýti undir áhrifa þöggunarsvelgsins og kæfi niður þær raddir sem eru ekki samkvæmar ríkjandi skoðun. Einnig geta fjölmiðlar notað þetta tæki til að þagga niður hin ýmsu málefni. Ef fjölmiðlar neita að fjalla um ákveðinn hlut eða atburð gerir það að verkum að þessi hlutur eða atburður getur orðið nokkurs konar tabú. Með því verða fleiri og fleiri hljóðir þar sem enginn þorir að víkja frá ríkjandi skoðunum og mun þá hluturinn eða atburðurinn algjörlega þaggast niður. Þetta eru völd sem að fjölmiðlar hafa og geta beitt ef þeir vilja þagga óþægileg mál niður á fljótan og einfaldan hátt. Af þeirri ástæðu telur Noelle-Neuman að fjölmiðlar séu ekki alltaf af hinu góða og neitar þeirri skoðun að einu áhrif fjölmiðla séu að styrkja þá skoðun sem almenningur er nú þegar búin að gera sér. Hún segir að fjölmiðlar segi okkur ekki bara hvað við eigum að hugsa um heldur gefa þeir okkur upplýsingar um hvað allir aðrir eru að hugsa um. Fjölmiðlar eru því orðnir nokkurs konar verkfæri fyrir valdamenn sem þeir geta nýtt til að styrkja sína stöðu. Ef þú vilt að fólk sé sammála skoðun þinni þá þarftu að láta fjölmiðla vera sammála skoðun þinni (Noelle-Neumann 2009, 372-375).

¹ Less Wrong. 2007. „Asch’s conformity experiment.“ Síðast uppfært 26. desember 2007. Sótt 1. september 2015. http://lesswrong.com/lw/m9/aschs_conformity_experiment/

3.3 Fjölmiðlamótun og almenningsálit

Í kjölfar umfjöllunar um dagskrárvald liggur beint við að skoða fjölmiðla í tengslum við almenningsálit. Móta fjölmiðlar almenningsálitið, og ef svo er, hvernig? Margir fræðimenn eru sammála Cohen (1963) um að fjölmiðlar segi fólki hvað það á að hugsa um. Fólk hefur takmarkaðan tíma og mismikinn áhuga á því að fylgjast með stjórnámum. Flestir reiða sig því á fjölmiðla til að upplýsa það um hvaða málefni ættu að veita athygli. Þessi hugmynd er nefnd dagskrárvald eins og kom fram hér að ofan. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mikil fylgni er á milli þeirra fréttu sem fjölmiðlar koma fram með og þess sem að fólk telur almennt vera mikilvægt. Einnig hefur röðin verið rannsökuð, það er að segja hvort kemur fyrst, almenningsálitið eða fréttirnar og rannsóknir hafa sýnt að fjölmiðlar koma fyrst fram með málefni og almenningsálitið fylgir síðan í kjölfarið (Cottam o.fl. 2010, 150-151).

Útskýringar á þessu mynstri geta meðal annars verið vegna ýfingar (e. priming), hugtak sem sálfræðingurinn Erving Goffman setti fram árið 1974 (Simon og Xenos 2000, 366). Vegna þess að pólitísk málefni eru mörg og gífurlega flókin, þarf fólk hjálp við að ákvarða hvaða málefni eru mikilvæg og hvaða hliðar á þessum málefnum þarf ekki að veita athygli. Fjölmiðlar veita þess konar leiðsögn með ýfingu, það er að segja, að þeir benda almenningi á þau málefni sem eru mikilvæg. Til dæmis þegar fjölmiðlar ýfa hækkun olíu mun fólk dæma ríkisstjórnir eftir því hversu vel þær hafa staðið sig í því að halda olíuverði niðri. Hvernig virkar þetta? Cottam og félagar benda á útskýringar Miller og Krosnick (2010) að þegar fólk er að taka hversdagslegar ákvarðanir á það til að taka ákvarðanir sem eru einfaldar í stað þess að veita og meta alla kosti og skoða allar mögulegar upplýsingar. Fólk gerir þetta einnig þegar það er að mynda sér skoðun á stjórnámum og málefnum stjórnamála. Miller og Krosnick taka dæmi um hvernig fólk metur Bandaríkjaforseta. Það reikni út hversu vel forsetinn hefur tekist á við öll þau mál sem hann hefur haft á sinni könnu og gefið honum nokkurs konar meðaleinkunn fyrir störf sín, en þar sem að þau mál eru fjölmörg meta flestir forsetann út frá örfáum málum og notast þá við fjölmiðla til þess að skýra þau mál út (Cottam o.fl. 2010, 150-151).

Einnig ákvarða fjölmiðlar hvaða málefni verða í forgrunni. Í tengslum við það taka Miller og Krosnick dæmi um efnahaginn. Ef fjölmiðlar veita efnahagnum athygli í fréttum sínum mun fólk hugsa um efnahaginn við mat á frammistöðu forseta. Einnig trúu Miller og Krosnick að frétt um ákveðið málefni muni ýfa annað málefni ef að stefnumálin virka skyld. Til dæmis eru málefni, sértækar aðgerðir og skólarútur, séð sem skyld málefni þar sem bæði þessi málefni snúa að aðstoð fyrir minnihlutahópa og myndi umfjöllun um sértækar aðgerðir því ýfa umfjöllun um skólarútur. Hins vegar myndi fréttáflutningur af sértækum aðgerðum líklegast ekki ýfa umfjöllun um verðbólgu þar sem að það eru ekki skyld málefni (Cottam o.fl. 2010, 151-152).

Tilvist ýfingar hefur verið studd með nokkrum tilraunarannsóknum. Notkun ýfingar hefur einnig verið rannsökuð á ýmsum málefnum, til að mynda frammistöðu forseta. Krosnick og Kinder (1990) komust til dæmis að því að minnkun á vinsældum á Bandaríkjaforsetans, Ronald Reagan, væri hægt að rekja til tveggja þátta; í fyrsta lagi hin nýfundna hrifning fjölmiðla af leynilegri aðstoð forsetans við Contras og í öðru lagi skoðun almennings á afskiptum bandarískra stjórnvalda í Mið-Ameríku. Í þeirra rannsóknum á ýfingu og mati á forsetum í gegnum nokkrar tilviksrannsóknir færa Miller og Krosnick rök fyrir því að það sem fjölmiðlar ákveða að fjalla um hafi áhrif á það hvernig fólk meti frammistöðu forseta.

Annar mikilvægur punktur varðandi hvernig er fjallað um málefni og hvað fjölmiðlar einbeita sér að, snýr að því hvernig málefni er framsett, eða það sem er kallað innrömmun (e. framing). Hvernig gert er grein fyrir málefni getur skipt máli. Flest pólitísk málefni hafa margar hliðar en fjölmiðlar einbeita sér yfirleitt að einni eða tveimur hliðum hvers málefnis. Entman (1993) útskýrði þetta með dæmi frá kalda stríðinu. Á meðan á stríðinu stóð var fjallað um borgarastyrjaldir í öðrum þjóðfélögum í bandarískum fjölmiðlum út frá áhrifum þess á bandalag Sovétmanna eða Bandaríkjamann í stað þeirra innanlands málefna í þessum þjóðfélögum sem leiddu til borgarastyrjaldarinnar.

Eftir að hafa fjallað um ýfingarhlutverk fjölmiðla eru nokkrir hlutir sem þarf að taka fram. Í fyrsta lagi hefur umfjöllun um stjórnsmál mest áhrif á þá sem hafa lítinn áhuga á stjórnsmálum, þá sem eru ekki flokksbundnir og þá sem að eru með litla menntun. Að auki, þeir sem hafa persónulega aðild að málefnum, munu tala meira um það málefni þrátt fyrir fjölmiðlaumfjöllun (Cottam o.fl. 2010, 152). Til að mynda komust Lyengar og Kinder (1987) að því að þeir sem væru atvinnulausir töluðu meira um fréttir af atvinnuleysi en þeir sem voru með starf.

Ef að fjölmiðlar hafa áhrif á það hvað fólk hugsar um, hafa þeir líka áhrif á það hvernig fólk hugsar, það er að segja skoðun þeirra á málefnum eða frambjóðanda í stjórnsmálum? Þessari spurningu hefur verið svarað með ólíkum hætti í gegnum tíðina. Kannanir fyrri tíma á áhrifum fjölmiðla á kosningarherferðir á fimmta og sjötta áratugnum komust að því að flokkshollusta var svo sterk hjá sumum að áhrif fjölmiðla voru mun minni en búist var við. Í staðinn leitaði fólk að upplýsingum í fjölmiðlum sem að styrkti þeirra skoðanir á ákveðnum málefnum. Einnig eru þeir sem að eru ekki með mikla flokkshollustu undir meiri áhrifum frá vinum og fjölskyldu en frá fjölmiðlum í sambandi við hvaða flokk eða frambjóðenda það eigi að kjósa. Síðari kannanir varðandi félagslegar breytingar, til að mynda tilkoma sjónvarpsins, almenn minnkun í flokkshollustu, og minnkun áhrifa fjölskyldu á pólitískar ákvarðanir einstaklinga, sýna að fjölmiðlar hafa sterkari áhrif en áður var talið, á ákvarðanir fólks í ýmsum málefnum. Fólk verður fyrir áhrifum frá skoðunum fréttamanna, sem eru fleiri nú en áður, sérfræðingum og vinsælum forsetum (Cottam o.fl. 2010, 152).

Í nútíma lýðræðisríkjum eru kosningarherferðir einna allra mikilvægasti tíminn sem fjölmiðlar geta haft áhrif á almenningsálit. Frambjóðendur nota fjölmiðla sem hluta af herferð sinni til þess að þeirra skilaboðum sé komið til skila og fjölmiðlar veita einnig sjálfstæðar fréttir af frambjóðendum sem óháðir miðlar. Fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir fyrir að veita einungis léttmetis umfjöllun um málefni á kosningartíma, einbeita sér frekar að fylgiskönnunum flokka heldur en að mikilvægum málefnum varðandi stefnu flokka og hvernig flokkar hafa staðið sig á þingi (Cottam o.fl. 2010, 152) Einnig er spurningin um hlutdrægni fjölmiðla. Styðja fjölmiðlar ákveðinn flokk fram yfir annan? Algengt er að fólk í Bandaríkjunum, sérstaklega íhaldsmenn, haldi því fram að fjölmiðlar hallist meira til frjálslyndisstefnu en íhaldsstefnu, en rannsókn sem gerð var árið 1992 í Bandaríkjunum af Beck og félögum (2002) sýndi engin merki um hlutdrægni fjölmiðla.

Kenningarnar um fjórða valdið, dagskrárvaldið og fjölmiðlamótun sýna vel það vald og þau áhrif sem fjölmiðlar hafa. Eins og fram hefur komið hafa fjölmiðlar töluverð áhrif á það hvaða málefni eru talin mikilvæg og hvaða málefni ekki. Einnig geta þeir ákveðið að fjalla um eitt málefni til þess að ýfa annað og eru mjög mikilvægir í tengslum við stjórnmal og stjórnálaumræðu.

4 Rannsóknarspurningar

Markmiðið með rannsókn þessarar ritgerðar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að athuga hvort munur sé á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnómál og í öðru lagi hvort að fjallað sé á mismunandi hátt um ríkisstjórnir Íslands í upphafi og lok kjörtímabila þeirra og eru settar fram tvær aðal rannsóknarspurningar.

Fyrri rannsóknarspurningin er svohljóðandi: „Er greinanlegur munur á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnómál?“. Settar eru fram tvær undirspurningar sem eru: „Fjallar Morgunblaðið oft um stjórnómál þegar Sjálfstæðisflokkurinn er við stjórn?“ og „Fjallar Fréttablaðið oft um stjórnómál þegar Samfylking er við stjórn?“.

Ákveðið var að fjalla um Sjálfstæðisflokkinn í tengslum við Morgunblaðið þar sem að Morgunblaðið var áður fyrir viðkennt málagn Sjálfstæðisflokksins og enn talið hallt undir flokkinn. Sama má segja um Fréttablaðið og Samfylkinguna, en þó að Fréttablaðið hafi aldrei verið flokksblað Samfylkingarinnar eru margir á þeirri skoðun að blaðið hallist undir flokkinn eins og fram hefur komið.

Til þess að hægt sé að átta sig á því hvort að raunverulegur munur sé á stjórnómálaumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins eru í þessari rannsókn notaðar breytur: fjöldi fréttar, stærð þeirra og þeir stjórnómálamenn sem nefndir eru í fréttunum.

Kenning McCombs og Shaw um dagskrárvald fjölmiðla er grundvöllurinn að þessari greiningu. Eins og áður segir þá gengur kenningin út á að fjölmiðlar geti ekki fjallað um öll málefni og verða þeir því að velja og hafna hvaða málefni verða sett á dagskrá. Með þessu öðlast þeir gífurleg völd yfir því hvaða fréttir eru settar fram.

Seinni rannsóknarspurningin er svohljóðandi: „Fjalla fjölmiðlar á mismunandi hátt um ríkisstjórnir Íslands í upphafi og lok kjörtímabils þeirra?“. Ein undirspurning er sett fram og er hún svohljóðandi: „Fjalla fjölmiðlar verr um ríkisstjórnir í lok kjörtímabilsins heldur en í upphafi þess?“.

Til að svara þeim spurningum er lagt mat á neikvæðni fréttar, annars vegar, hvort að frétt sé neikvætt skrifuð og, hins vegar, hvort að fréttin fjallar um neikvæða þætti.²

Greiningin grundvallast á skrifum Þorbjörns Broddasonar (2005) og McQual (2010) um fjórða valdið, kenningu McCombs og Shaw (1972) um dagskrárvaldið og skrifum Cottam

² **Jákvætt skrifaðar fréttir og jákvæðar fréttir voru ekki greindar í þessari rannsókn. Þess konar fréttir voru flokkaðar sem hlutlausar. Það er vert að taka fram að mjög fáar fréttir voru jákvæðar eða jákvætt skrifaðar. Það að frétt sé jákvæð eða jákvætt skrifuð er ekki mikilvægt til að geta svarað þeim rannsóknarspurningum sem hér eru settar fram.**

og félaga (2010) um fjölmiðlamótun og almenningsálit. McQual (2010) talar um það í umfjöllun sinni um fjórða valdið að mikilvægt sé að góð blaðamennska sé tryggð með faglegum vinnubrögðum og samkvæmt dagskrárvaldinu hafa fjölmiðlar töluverð völd yfir því hvaða málefni fara á dagskrá. Því geta neikvæðar og neikvætt skrifaðar fréttir skipt miklu máli í tengslum við almenningsálit.

5 Rannsóknaraðferð, greining og gögn

Í þessum hluta verður fjallað um rannsóknaraðferðina sem er beitt í þessu verkefni, innihaldsgreiningu, og kosti og galla hennar. Jafnframt er greint frá rannsóknarsniði og gögnunum sem notuð eru í þessari rannsókn.

5.1 Innihaldsgreining

Innihaldsgreiningu má rekja til upphafs 20. aldar og gengur í stuttu máli út á að kóða texta samkvæmt ákveðnum kóðunarramma og greina svo niðurstöður í framhaldi af því. Rannsóknaraðferðin er gjarnan notuð þegar greina þarf mikið magn texta, til dæmis yfir langt tímabil. Innihaldsgreining er í meginatriðum ekkert ólík rannsóknaraðferð og spurningakönnun. Í spurningakönnun er markhópurinn valinn, úrtak er svo valið úr þýði til að taka þátt í könnun, svör við spurningum úr könnuninni eru kóðaðar, greindar og settar fram niðurstöður. Þessu er eins farið með innihaldsgreiningu fyrir utan að í stað þess að viðfangsefnið séu einstaklingar er viðfangsefnið til dæmis textar eða hljóðklippur (Deacon o.fl. 2007, 119-132).

Einn helsti kostur innihaldsgreiningar er að gerð er kerfisbundin greining á miklu magni af texta. Hægt er að taka hundruði blaðagreina og finna sameiginleg einkenni með þeim með notkun innihaldsgreiningar. Einnig er innihaldsgreining tiltölulega ódýr og einföld rannsóknaraðferð, og nú á tímum er hægt að nálgast fjölmiðlatexta með tiltölulega auðveldum hætti í gegnum netið. Annar kostur innihaldsgreiningar er að nærvera rannsakenda hefur ekki áhrif á niðurstöður líkt og hættan er þegar gögnum er aflað beint frá einstaklingum (til dæmis í spurningarkönnunum og tilraunum) (Deacon o.fl. 2007, 119-132).

Innihaldsgreining er ekki gallalaus og helsti gallinn er að rannsakandinn gæti verið búinn að ákveða niðurstöðu rannsóknarinnar fyrirfram við gerð kóðunarrammans. Rannsakandinn getur þannig ákveðið að taka einungis með þær breytur sem styðja fullyrðingu hans og sleppt þeim breytum sem gætu gengið gegn því sem rannsakandi vill fá fram. Þetta er mikill vandi innan fræðanna og á ekki eingöngu við um innihaldsgreiningu heldur allar rannsóknaraðferðir (McQuail 2010, 363-364). Ekki er auðvelt að komast hjá þessu þar sem að rannsakandinn gæti verið að gera þetta ómeðvitað. Ein leiðin sem hefur verið farin til þess að komast framhjá þessari skekkju er að einn aðili hennar kóðunarrammann og annar, eða aðrir, framkvæma innihaldsgreininguna (Lacy og Riffle 1996, 963). Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir það að það sem er kóðað sé það sem rannsakandinn vill helst sjá, hvort sem að það sé meðvitað eða ómeðvitað

Einnig getur verið vandasamt að innihaldsgreina mjög mikið magn af texta. Yfirleitt eru kóðunarforrit notuð til þess þar sem auðveldara er að draga út þemu úr miklu magni texta þegar búið er að kóða hann. Einnig getur verið villa í gagnasöfnuninni sem að forritið skilur

ekki og gefur það því ranga mynd af niðurstöðum. Auðvelt er að missa marks í þeim efnum þar sem að innihaldsgreining gengur út á að taka orð, eða orðasambönd og kóða yfir á tölulegar breytur sem getur verið erfitt, eða nánast ómögulegt að greina út á mannamáli (McQuail 2010, 363-364).

5.2 Rannsóknasnið og gögn

Í þessari rannsókn eru stjórnáttalengdar fréttir innihaldsgreindar. Safnað var fréttum sem birtust í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu yfir 10 ára tímabil, frá 2003 til 2013. Miðað er við upphaf og lok hvers kjörtímabils. Ástæðan fyrir því að þetta tímabil var valið er að efnahagshrunið 2008 kemur í mitt tímabilið og er því hægt að skoða umfjöllun fjölmiðlanna um stjórnámál fyrir og eftir efnahagshrunið. Einungis eru teknar fyrir hefðbundnar fréttir miðlanna en ekki fréttaskýringar, ritstjórnarpistlar eða innsendar greinar. Ákveðið var að taka fyrir þessi tvö blöð því að þau eru bæði sterk á markaði en samt sem áður ólík. Morgunblaðið er „flokksblað“ sem var fyrst gefið út árið 1913 en Fréttablaðið mun yngra (stofnað 2001). Kjörtímabilin eru fjögur og hálf: 1999 til 2003, 2003 til 2007, 2007 til 2009, 2009 til 2013 og að lokum núverandi kjörtímabil sem hófst í maí 2013 og er talið sem hálf kjörtímabil.

Það er of yfirgripsmikið verk að innihaldsgreina allar fréttir yfir þetta 10 ára tímabil og er því tekin fyrir ein vika í upphafi hvers kjörtímabils, heil vika í nóvember frá mánudegi til sunnudags, og ein vika í lok hvers kjörtímabils, heil vika í febrúar frá mánudegi til sunnudags. Undantekning á því er fyrsta kjörtímabilið, þar sem einungis er tekin ein vika í lok kjörtímabilsins, og seinasta kjörtímabilið, þar sem kjörtímabilið er ennþá yfirstandandi og var því einungis hægt að taka viku í upphafi þess kjörtímabils. Tekin var vika í nóvember 2008 í lok kjörtímabilsins 2007-2009, í stað viku í febrúar 2009, þar sem að ríkisstjórnin féll 26. janúar 2009 (Morgunblaðið 2009).

Eins og fram hefur komið var notast við innihaldsgreiningu sem rannsóknartæki við gerð þessarar rannsóknar. Öllum þeim fréttum, innan tímabilanna, sem snéru að stjórnámálum á einn eða annan hátt, var safnað og þær greindar. Einungis voru teknar fyrir fréttir sem fjölluðu um íslensk stjórnámál, það er að segja fréttir sem snéru að íslenskum flokkum, stjórnáttalamönnum, ríkisstjórnnum og stjórnámálum á Íslandi. Við gerð kóðunarramma var stuðst við fjölmiðlagreiningu þýsku kosningarannsóknarinnar (German Longitudinal Election study 2012). Alls var 418 fréttum safnað, 179 frá Fréttablaðinu og 239 hjá Morgunblaðinu.

Upplýsingar og atriði sem voru kóðuð eru:

- Dagsetning
- Miðill:
 - Fréttablaðið
 - Morgunblaðið
- Titill fréttar
 - Titill fréttar skráður
- Blaðsíðutal
- Stærð fréttar:
 - Mjög lítil – undir 1/16 úr síðu
 - Lítil – yfir eða jafnt og 1/16 úr síðu og undir 1/8 úr síðu
 - Meðal – yfir eða jafnt og 1/8 úr síðu og undir 1/4 úr síðu
 - Stór – yfir eða jafnt og 1/4 úr síðu og undir 1/2 úr síðu
 - Mjög stór – yfir eða jafnt og 1/2 úr síðu
- Stærð mynda með fréttum:
 - Engin mynd
 - Lítil – hylja að minnsta kosti 1/16 fréttarinnar
 - Meðal – hylja að minnsta kosti 1/8 fréttarinnar
 - Stór – hylja að minnsta kosti 1/4 fréttarinnar
- Hvaða stjórnálmenn eru nefndir
 - Nafn stjórnálmamanns skráð
- Hvaða stjórnálmáflokkar eru nefndir
 - Sjálfstæðisflokkur
 - Framsóknarflokkur
 - Samfylking
 - Vinstri Græn
 - Aðrir flokkar
- Minnst á ríkisstjórn
 - Já
 - Nei
- Hvort að flokkur/maður væri í ríkisstjórn á þeim tíma sem fréttin kemur fram
- Megin inntak fréttarinnar³

³ Listinn var tekinn út frá námskeiði í fjölmiðlafræði: FÉL 423G vorönn 2014. Sjá viðauka 1.

- Er fréttin neikvætt skrifuð?
 - Rannsakandi leggur mat á það hvort að fréttin er skrifuð neikvætt
- Fjallar fréttin um neikvæða þætti?
 - Frétt var talin fjalla um neikvæða þætti ef hún þótti vekja upp neikvæðar hugsanir lesandans að mati rannsakanda. Notast var við greiningu rannsóknarskýrslu Alþingis við mat á neikvæðum fréttum (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010).

Með þessu er náð utan um helstu upplýsingar sem þarf til að svara rannsóknarspurningunum.

6 Innihaldsgreining


Í þessum hluta verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Fyrst verður farið yfir samanburð á blöðunum sjálfum þar sem nokkrar breytur verða skoðaðar og eftir það verður neikvæðni fréttu skoðuð út frá ríkisstjórnartímabilum.

6.1 Samanburður á blöðunum

Eins og fram hefur komið voru í heildina 418 fréttir sem snéru að stjórnámum á einn eða annan hátt. Þetta skiptist nokkuð jafnt eftir blöðunum en innan Morgunblaðsins voru 239 fréttir sem fjölluðu um stjórnám á móti 179 hjá Fréttablaðinu og þar af leiðandi voru fréttir Morgunblaðsins 57,18% af heildinni á móti 42,82% hjá Fréttablaðinu.

Þetta var hins vegar nokkuð breytilegt eftir vikum eins og sjá má á mynd 2. Morgunblaðið var yfirleitt með fleiri fréttir en Fréttablaðið fyrir utan í nóvember 2003, þar sem Fréttablaðið var með 34 fréttir á móti 29 og í nóvember 2008 þar sem Fréttablaðið var með 21 frétt á móti 16. Morgunblaðið var yfirleitt með fleiri fréttir þrátt fyrir að heildarfjöldi blaðsíðna væri yfirleitt hærri hjá Fréttablaðinu en meðaltal blaðsíðna blaðanna voru 38 síður hjá Morgunblaðinu á móti 44 síður hjá Fréttablaðinu.

Einnig sést á Mynd 2 að fleiri fréttir eru skrifaðar í upphafi kjörtímabils heldur en við lok þess að frátalinni febrúar viku 2007 hjá Morgunblaðinu.




Mynd 2 Fjöldi fréttu um stjórnám eftir miðlum og tímabilum

Vert er að bera saman blöðin eftir hlutfalli fréttu. Eins og sést á mynd 3 komu 23% af heildarfjölda stjórn málafréttu Morgunblaðsins yfir allt tímabilið í febrúar 2003 á móti 8% í febrúar 2013. Töluverðar sveiflur voru hvort miðað var við upphaf eða lok kjörtímabils hjá báðum blöðunum. Til að mynda er hlutfall stjórn málafréttu hjá Fréttablaðinu 11% í febrúar 2007 af heildarfjölda tímabilsins og er svo komið upp í 17% í nóvember sama ár.

Við skoðun á kjörtímabilinu 2003-2007 kemur í ljós að 30% (12%+18%) heildarfréttu Morgunblaðsins um stjórn mála kemur fram á því tímabili, 20% (13%+7%) á tímabilinu 2007-2009 og 19% (11%+8%) á tímabilinu 2009-2013. Sjálfstæðisflokkurinn var við stjórn öll kjörtímabilin fyrir utan 2009-2013. Miðað við þessar upplýsingar hefur heildarfjöldi fréttu um stjórn mála almennt minnkað hjá Morgunblaðinu en ekki er hægt að segja til um það, út frá þessum gögnum, hvort að umfjöllun Morgunblaðsins um ríkisstjórnir hafi minnkað yfir tíma eða hvort að það hafi áhrif á hver er í ríkisstjórn.

Hvað varðar Fréttablaðið koma 30% (19%+11%) heildarfréttu um stjórn mála fram á kjörtímabili 2003-2007, 29% (17%+12%) á kjörtímabili 2007-2009 og 19% (13%+6%) á kjörtímabili 2009-2013. Samfylkingin var við stjórn kjörtímabil 2007-2009 og 2009-2013. Sama er því uppi á teningnum með Fréttablaðið, það er að segja, heildarfjöldi fréttu um stjórn mála fer minnkandi en ekki er hægt að segja til um það hvort að það skipti máli hver er við stjórn hvað það varðar.


Einnig sést á mynd 3 hvernig hlutfall fréttu hefur þróast á tímabilinu óháð blöðum. Fjöldi fréttu er mestur í febrúar 2003 og minnstur í febrúar 2013. Í febrúar 2003 komu í heildina 78 fréttir af 418 eða 19%. Í febrúar 2013 komu í heildina 29 fréttir af heildinni eða 7%.



Mynd 3 Hlutfall fréttu um stjórn mála eftir miðlum og tímabilum


Það er ekki nóg að taka einungis fjölda fréttar til þess að sjá umfang fréttar um stjórnmál í miðlunum heldur þarf einnig að skoða stærð fréttanna. Ef einn miðill er með 20 mjög litlar fréttir en annar fimm mjög stórar þá getur umfjöllunin verið sambærileg og er þess vegna mikilvægt að skoða einnig stærð fréttanna við samanburð á miðlunum.

Eins og sjá má á mynd 4 er ekki mikill munur á stærð fréttar eftir miðlunum. Báðir miðlarnir eru með flestar fréttir í „mjög litlum“ fréttum eða undir 1/16 úr síðu og er hlutfallið á stærri fréttum einnig mjög sambærilegt hjá miðlunum. Það má samt greina örlítinn mun á blöðunum. Morgunblaðið er með hlutfallslega færri litlar og mjög litlar fréttir samanborið við Fréttablaðið og Fréttablaðið er með hlutfallslega færri meðal, stórar og mjög stórar fréttir samanborið við Morgunblaðið.




Mynd 4 Hversu stór er fréttin?

Eins og sjá má á mynd 5 eru blöðin einnig mjög samrýmd í því hvaða stjórnmálamenn þau nefna og skiptist þetta nokkuð jafnt á milli fjórflokksins, það er að segja, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri Grænna, hjá báðum blöðunum. Þó svo að munurinn sé lítill er eftirtektarvert að Morgunblaðið fjallar hlutfallslega oftar um Samfylkingu en Sjálfstæðisflokk, samanborið við Fréttablaðið og að Fréttablaðið fjallar hlutfallslega oftar um Sjálfstæðisflokk en Samfylkingu samanborið við Morgunblaðið.



Mynd 5 Hvaða flokki tilheyra þeir stjórnámamenn sem nefndir eru?

Einnig var tekið út hvaða stjórnámamenn voru nefndir oftast. Mynd 6 sýnir það en þar koma fram þeir stjórnámamenn sem voru nefndir 9 sinnum eða oftar hjá blöðunum. Það sem er áhugavert hér er að sá stjórnámamaður sem er oftast nefndur hjá báðum blöðunum er Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri Grænna, en hann var nefndur samtals 55 sinnum. Sá sem kemur næstur á eftir honum er þingmaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, sem var nefndur samtals 31 sinni. Þrátt fyrir þetta er sjaldnast minnst á þingmenn Vinstri Grænna af fjórflokknum eða um 17% hjá báðum blöðunum eins og kemur fram á mynd 5. Mögulegar útskýringar á þessu gæti verið að Steingrímur væri virkasti þingmaðurinn innan Vinstri Grænna og að fjölmiðlar reyni eftir fremsta megni að ná tali af honum. Einnig gæti skýringin verið sú að hann er búinn að vera á Alþingi í langan tíma, lengur en meirihluti þingmanna, og er hann því orðinn nokkuð þekkt nafn í þingheiminum (Alþingi 2015). Enn fremur gæti skýringin einfaldlega legið í því að hann varð fjármálaráðherra fljótlega eftir efnahagshrunið 2008 og var hann því að taka við erfiðu ráðuneyti á erfiðu kjörtímabili.



Mynd 6 Hversu oft eru menn nefndir?

6.2 Neikvæðni fréttar

Tvær breytur voru notaðar til að meta neikvæðni fréttar; annars vegar „Er fréttin skrifuð á neikvæðan hátt“ og hins vegar „Fjallar fréttin um neikvæða hluti“. Ef að fréttin var ekki skrifuð á neikvæðan hátt er hún talin vera hlutlaust skrifuð eða jákvæð. Það sama má segja um það ef fréttin fjallaði ekki um neikvæða hluti þá er hún talin vera hlutlaus. Jákvætt skrifaðar fréttir eða fréttir sem fjalla um jákvæða hluti voru ekki partur af rannsókninni, eins og fram hefur komið, og voru þær því ekki greindar sérstaklega.

Eins og sést í töflu 1 voru flestar fréttir hlutlaust skrifaðar, bæði hjá Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Það kom ekki fram neikvætt skrifuð frétt frá hvorugu blaðinu fyrr en í nóvember 2008 eftir efnahagshrunið og í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, þar sem 6% fréttar voru neikvætt skrifaðar hjá Morgunblaðinu og 38% fréttar neikvætt skrifaðar hjá Fréttablaðinu. Þetta er mesti munurinn á neikvætt skrifuðum fréttum blaðanna. Skýringin á þessum mun getur verið sú að hitinn var mestur á Sjálfstæðisflokknum á þessum tíma og hafi þá Fréttablaðið skrifað oftast neikvætt um hann en Morgunblaðið.

Ef að heildarhlutfall neikvætt skrifaðra fréttar er borið saman út frá tímabilum kemur í ljós að fleiri fréttir eru neikvætt skrifaðar við upphaf kjörtímabils en við lok þeirra. Engin frétt er neikvætt skrifuð við upphaf kjörtímabils 2007-2009 á móti 24% í lok þess, möguleg undantekning vegna efnahagshrunsins 2008, og 22% við upphaf kjörtímabils 2009-2013 á móti 7% við lok þess.

Tafla 1 Er fréttin skrifuð á neikvæðan hátt?

	Morgunblaðið % (N)	Fréttablaðið % (N)	Samtals % (N)
1. kjörtímabil (1999-2003) lok (17.-23. Feb. 2003)	0% (54)	0% (24)	0% (78)
2. kjörtímabil (2003-2007) Upphaf (3.-9. Nóv. 2003) lok (19.-25. Feb. 2007)	0% (29) 0% (44)	0% (34) 0% (20)	0% (63) 0% (64)
3. kjörtímabil (2007-2009) Upphaf (5.-11. Nóv. 2007) lok (3.-9. Nóv. 2008)	0% (31) 6% (16)	0% (30) 38% (21)	0% (61) 24% (37)
4. kjörtímabil (2009-2013) Upphaf (2.-8. Nóv. 2009) lok (4.-10. Feb. 2013)	27% (26) 5% (19)	17% (24) 10% (10)	22% (50) 7% (29)
5. kjörtímabil (2013-) Upphaf (4.-10. Nóv. 2013)	10% (20)	19% (16)	14% (36)

Hlutfallið var töluvert jafnara í því hvort að fréttin fjallaði um neikvæða hluti eða ekki eins og sést á töflu 2 en hún sýnir heildarfjölda þeirra fréttanna sem eru neikvætt skrifaðar og fjalla um neikvæð málefni. Þrjú heil kjörtímabil eru í rannsókninni, 2003-2007, 2007-2009 og 2009-2013 sem hægt er að nota til þess að meta hvort að fjölmiðlar fjalli á mismunandi hátt um ríkisstjórnir út frá upphafi eða lokum kjörtímabils. Eins og sést fjölluðu 30% fréttanna um neikvæða þætti í upphafi kjörtímabils 2003-2007 á móti 22% í lok þess, 34% í upphafi kjörtímabils 2007-2009 á móti 59% í lok þess og 40% í upphafi kjörtímabils 2009-2013 á móti 10% í lok þess. Vert er að taka fram að kjörtímabilið 2007-2009 getur mögulega verið undantekning vegna efnahagshrunsins 2008 en miðað við þessar niðurstöður er líkleggra að frétt fjalli um neikvæða hluti við upphaf kjörtímabils en við lok þess, að undanskilinni nóvember viku 2008.

Tafla 2 Fjallar fréttin um neikvæða hluti?

	Morgunblaðið % (N)	Fréttablaðið % (N)	Samtals % (N)
1. kjörtímabil (1999-2003) lok (17.-23. Feb. 2003)	37% (54)	38%(24)	37% (78)
2. kjörtímabil (2003-2007) Upphaf (3.-9. Nóv. 2003) lok (19.-25. Feb. 2007)	21% (29) 25% (44)	38%(34) 15%(20)	30% (63) 22% (64)
3. kjörtímabil (2007-2009) Upphaf (5.-11. Nóv. 2007) lok (3.-9. Nóv. 2008)	42% (31) 50% (16)	27%(30) 67%(21)	34% (61) 59% (37)
4. kjörtímabil (2009-2013) Upphaf (2.-8. Nóv. 2009) lok (4.-10. Feb. 2013)	42% (26) 11% (29)	38%(24) 10%(10)	40% (50) 10% (29)
5. kjörtímabil (2013-) Upphaf (4.-10. Nóv. 2013)	40% (20)	25%(16)	33% (36)

Vert er að taka fram að ekki fjölluðu allar neikvæðar fréttir, eða neikvætt skrifaðar fréttir um ríkisstjórnir Íslands, eða menn innan þeirra. Til að mynda voru einhverjar fréttir sem fjölluðu um borgarpólítík og einhverjar sem að fjölluðu eingöngu um stjórnarandstöðu. Athugað var hvort að þetta breytti máli fyrir greininguna en svo var ekki. Það er að segja, þær fréttir sem snéru ekki beint að ríkisstjórnnum eða flokkum og mönnum innan þeirra skekktu ekki heildarniðurstöðurnar.

7 Umræður

Fjölmiðlar eru fyrirbæri sem hefur mikið verið rannsakað í gegnum tíðina og sérstaklega í tengslum við stjórnámál eins og fram hefur komið. Í sjálfu sér kemur það ekki mikið á óvart þar sem að fjölmiðlar hafa völd og áhrif (Þorbjörn Broddason 2005, 42-43). Kenningin um dagskrárvald fjölmiðla og kenningin um ýfingu gefa ágætis vísbendingar um þessi völd og áhrif. Margt bendir til þess að fjölmiðlar geta nánast einhliða stýrt því hvað fólki finnst mikilvægt og hvað það talar um (Lowery og Defleur 1988, 328-329).

Einnig er mjög áhugavert að fjölmiðlar geta ákveðið að þagga niður málefni eins og kenningin um þöggunarsvelginn færir rök fyrir. Með því að þagga niður málefni geta þeir ákveðið að ákveðinn hlutur sé ekki fréttæmur, sem undir venjulegum kringumstæðum væri það. Þetta eru völd sem margir átta sig á og margir hafa nýtt sér þessi völd í gegnum tíðina (Noelle-Neumann 2009, 372-375).

Að þessu gefnu er mjög mikilvægt að fjölmiðlar séu frjálsir. Samkvæmt Hague og Harrop (2010) er frjálst flæði upplýsinga ein af grunnstoðunum fyrir lýðræðisríki og eiga þegar ríkisins að geta fengið upplýsingar um stefnu stjórnvalda nokkuð auðveldlega og mynda sér skoðun út frá því.

7.1 Er greinanlegur munur á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnámál?

Samanburður á því hversu oft miðlarnir fjalla um hvern stjórnámálaflokk sýnir að ekki er verulegur munur á umfjöllun þeirra um hvern flokk. Það að Morgunblaðið fjalli oftar um Sjálfstæðisflokkinn á ekki við rök að styðjast þegar eingöngu eru skoðaðar fjöldi fréttar. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar er því í raun öfugt farið, Morgunblaðið er með færri fréttir um Sjálfstæðisflokkinn, samanborið við Fréttablaðið. Einnig er Fréttablaðið með færri fréttir um Samfylkinguna samanborið við Morgunblaðið.

Út frá þessum niðurstöðum er ekki hægt að halda því fram að Morgunblaðið halli ekki undir Sjálfstæðisflokkinn og Fréttablaðið ekki undir Samfylkinguna. Mögulega getur það verið að Morgunblaðið fjalli oftar neikvætt um aðra flokka, til að mynda Samfylkinguna þar sem að þeir fjölluðu meira um hana en Fréttablaðið. Einnig getur þetta verið eins hjá Fréttablaðinu, það er að segja að ástæðan fyrir því að það fjallar oftar um Sjálfstæðisflokkinn en Morgunblaðið sé neikvæð umfjöllun. Áhugavert væri að greina það í kjölfarið út frá gögnum þessarar rannsóknar.

Fjöldi fréttar og umfang þeirra hjá miðlunum er mjög svipað. Hins vegar eru tveir hápunktar í umfjöllun Morgunblaðsins sem skera sig örlítið úr. Það er í lok kjörtímabils 1999-2003 þar sem Morgunblaðið var með 54 fréttir á móti 24 hjá Fréttablaðinu og við lok

kjörtímabils 2003-2007 þar sem Morgunblaðið var með 44 fréttir á móti 20 hjá Fréttablaðinu. Rannsakandi ákvað að athuga hvort einhverjir fyrirferðarmiklir atburðir gætu útskýrt þetta, líkt og umfjöllun um fjárlagafrumvarp eða eitthvað þvíumlíkt, en það er ekkert sem bendir til að svo sé sem gæti útskýrt þennan mun.

Fyrri undirspurning þessarar rannsóknarspurningu gengur út á hvort að Morgunblaðið fjalli oftast um stjórnsmál ef Sjálfstæðisflokkurinn er við stjórn. Sjálfstæðisflokkurinn var við stjórn meirihluta þess tímabils sem var tekið fyrir eða frá 1999 til 2009 og svo aftur 2013. Hægt er því að bera öll kjörtímabilin saman við kjörtímabilið 2009-2013 til þess að athuga hvort að tilgátan um að Morgunblaðið fjalli meira um ríkisstjórnir þegar Sjálfstæðisflokkurinn er við stjórn eigi við rök að styðjast.

Hin undirspurningin snéri að því hvort að Fréttablaðið myndi fjalla meira um stjórnsmál þegar Samfylkingin væri við stjórn. Samfylkingin var við stjórn á kjörtímabilum 2007-2009 og 2009-2013 og þar af leiðandi í stjórnarandstöðu á kjörtímabilum 1999-2003, 2003-2007 og 2013. Þá getum við borið saman kjörtímabilið 2003-2007 við 2007-2009 og 2009-2013 þar sem að Samfylking var í stjórn á kjörtímabilunum 2007-2009 og 2009-2013 en ekki 2003-2007.

Við mat á niðurstöðunum er ekki hægt að fullyrða að Morgunblaðið fjalli meira um stjórnsmál þegar Sjálfstæðisflokkurinn er við stjórn og að Fréttablaðið fjalli meira um stjórnsmál þegar Samfylking er við stjórn. Heildarfjöldi fréttanna um stjórnsmál fer minnkandi hjá báðum blöðunum en ekki er hægt að tengja það við það hver er í ríkisstjórn.

Samanburður á miðlunum er varða aðra þætti en fjölda stjórnsmálafréttanna, það er að segja stærð fréttanna og stjórnsmálsmenn sem nefndir voru, sýnir óverulegan mun á blöðunum.

7.2 Fjalla fjölmiðlar á mismunandi hátt um ríkisstjórnir í upphafi og lok kjörtímabils þeirra?

Eins og fram hefur komið voru engar neikvætt skrifaðar fréttir fyrr en í nóvember 2008 þar sem að þær ruku upp í 24% af heildarfjölda stjórnsmálafréttanna fyrir þá viku. Það er að mörgu leyti skiljanlegt þar sem að þá var upphafið af efnahagshruninu 2008 og voru stjórnsmálsmenn, og hlutur þeirra í hruninu, í háumæli og þar af leiðandi er sú vika frávik þar sem stjórnsmálin, og almennt þjóðfélagið í heild, voru í uppnámi vegna efnahagshrunsins. Þetta þarf að hafa í huga í tengslum við heildarumfjöllunina. Hins vegar voru alltaf einhverjar neikvætt skrifaðar fréttir eftir þann tíma en þær voru ekki margar, eða um 6% af heildarfréttum miðlanna um stjórnsmál. Töluvert algengara var hins vegar að fréttir fjölluðu um neikvæða hluti og var visst hlutfall fréttanna í öllum vikum sem fjölluðu um neikvæða hluti.

Undirspurningin við rannsóknarspurninguna var að fjölmiðlar myndu fjalla verr um ríkisstjórnir í lok stjórnartímabils en í upphafi þess. Eins og fram hefur komið er nóvember

2008 ekki marktækur þar sem að efnahagshrunið er ný skolið á og verðum við því að taka tillit til þess við mat á niðurstöðunum. Ef við sleppum lok kjörtímabils 2007-2009 úr greiningunni leiðir samanburður á umfjöllun fjölmiðlanna það í ljós að greinilegt er að bæði er líklegra að fréttir séu neikvætt skrifaðar og að þær fjalli um neikvæða þætti við upphaf kjörtímabils, ekki lok. Þar af leiðandi er svarið við spurningunni, að fjölmiðlar fjalli á neikvæðari hátt um ríkisstjórnir í lok kjörtímabilsins en í upphafi þess, hafnað því að það er nákvæmlega á hinn veginn.

Þessar niðurstöður ríma vel við skrif Cottam (2010) og félaga um fjölmiðlamótun og almenningsálit. Þar kemur fram að fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir fyrir að veita einungis léttmetis umfjöllun um málefni á kosningartíma og einbeita sér frekar að fylgiskönnunum og þess háttar í stað þess að fjalla um stærri málefni, til að mynda hvernig flokkar hafa staðið sig á þingi áður. Samkvæmt þessu er það meðvitað ákvörðun hjá fjölmiðlunum að fjalla ekki á slæmum nótum um stjórnmalaflokka, sérstaklega ríkisstjórnarflokka, í aðdraganda kosninga. Möguleg útskýring á þessu gæti verið sú að fjölmiðlar líta þannig á að allir flokkar eigi að hafa jafna möguleika í kosningum og með því að fjalla á slæmum nótum um flokka sem að liggja vel við höggi, til að mynda ríkisstjórnarflokka, væru fjölmiðlar ekki að veita þeim sanngjarna umfjöllun.

Neikvæðni í fréttáflutningi miðlanna hefur mikið að segja ef við tökum tillit til þeirra áhrifa sem að fjölmiðlarnir hafa. McQuail (2010) talar um það í umfjöllun sinni um fjórða valdið að mikilvægt sé að góð blaðamennska sé tryggð með faglegum vinnubrögðum og telur rannsakandi fagleg vinnubrögð fréttamanna að halda hlutleysi í hvívetna og ekki láta sína eigin skoðun í ljós við skrif á fréttum. Bæði blöðin eru með vettvang fyrir skoðanir fólks, þar sem að fólk hefur möguleika á því að senda inn greinar og fá þær birtar. Í þess konar greinum er ekkert að því að styðja einn flokk fram yfir annan en þegar það er farið að birtast í fréttaskrifum miðla telst það ekki til góðra vinnubragða. Þar af leiðandi geta fjölmiðlar beitt yfingu á málefni með því að fjalla á slæmum nótum um þau.

8 Lokaorð

Eins og fram hefur komið var meginmarkmið ritgerðarinnar tvíþætt. Annars vegar að athuga hvort að það væri einhver sjáanlegur munur á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnsmál og hins vegar að athuga hvort að munur væri á umfjöllun fjölmiðla eftir því hvort að ríkisstjórn væri að hefja stjórnartímabil sitt eða ljúka því. Hvað varðar samanturðinn á miðlunum eru þeir mjög svipaðir í umfjöllun sinni á tímabilinu og er því enginn sjáanlegur munur á umfjöllun þeirra. Hins vegar kom fram munur á umfjöllun um ríkisstjórnir, það er að segja bæði blöðin fjalla verr um ríkisstjórnir í upphafi tímabils þeirra en í lok þess. Það eru nokkuð áhugaverðar niðurstöður þar sem að maður myndi halda að auðveldara væri að gagnrýna ríkisstjórnir í lok tímabils en í upphafi þess. En eins og Cottam og félagar (2010) fjölluðu um hafa fjölmiðlar einmitt verið gagnrýndir fyrir þetta. Það er að segja að fara of mjúkum höndum um ríkisstjórnarfokka í umfjöllun sinni í kjölfar kosninga.

Takmarkanir rannsóknar þessarar ritgerðar felast í því að einungis voru tveir miðlar notaðir og einungis voru tvær vikur teknar fyrir á hverju kjörtímabili. Ástæðan fyrir því var að það hefði verið of stórt verk fyrir þetta verkefni að fjalla um fleiri miðla og fleiri vikur. Áhugavert væri að skoða hvort sömu niðurstöður myndu fást ef aðrir miðlar væru notaðir og fleiri vikur á tímabilinu. Einnig væri áhugavert að framkvæma þessa rannsókn aftur 2018 og athuga hvernig niðurstöðurnar yrðu þá. Það virðist nefnilega margt hafa breyst í umfjöllun fjölmiðla um stjórnsmál í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og væri því áhugavert að framkvæma þessa rannsókn fyrir tímabilið 2008-2018.

Heimildaskrá

- Allern, Sigurd. 2002. *Journalistic and commercial news values: news organizations as patrons of an institution and market actors*. Nordcom Review 23(1-2):137-152.
- Alþingi. 2015. „Steingrímur J. Sigfússon.“ Síðast uppfært 16. janúar 2015. Sótt 1. september 2015. <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=557>
- Bandura, Albert, Dorothea Ross og Shiela A. Ross. 1963. „Imitation of Film-Mediated Aggressive Models.“ *Journal of Abnormal and Social Psychology* 66:3-11.
- Beck, P. Dalton o.fl. 2002. „The social calculus of voting: interpersonal, media, and organizational influences on presidential choices.“ *American political science review* 96:57-74.
- Cohen, Bernard C. 1963. *The press and foreign policy*. Institute of government studies.
- Cottam, Martha L., Beth Dietz-Uhler, Elena Mastors og Thomas Preston. 2010. *Introduction to political psychology*. 2. útg. Psychology Press.
- Deacon, David, Michael Pickering, Peter Golding og Graham Murdock. 2007. *Researching communications: a practical guide to methods in media and cultural analysis*. 2. útg. Hodder Arnold.
- DeFleur, Melvin L. og Everette E. Dennis. 1985. *Understanding mass communication*. 2. útg. Bandaríkin: Houghton Mifflin Company.
- Entman, Robert M. 1993. Framing: Towards clarification of a fractured paradigm. *Journal of communication* 43: 51-58.
- German Longitudinal Election Study. 2012. *GLES 2009, campaign media content analysis, print*. Mannheim: Gesis.
- Gunnar Helgi Kristinsson. 2007. *Íslenska stjórnkerfið*. 2. útg. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hague, Rod og Martin Harrop. 2010. *Comparative government and politics*. 8. útg. Palgrave Macmillan.
- Hodkinson, Paul. 2010. *Media, culture and society: an introduction*. Sage

- Krosnick, J. og J. Kinder. 1990. „Altering the foundations of support for the president.“ *American political science review* 84:497-512.
- Lacy, Stephen og Daniel Riffe. 1996. „Sampling error and selecting intercoder reliability samples for nominal content categories.“ *Journalism and mass communication quarterly* 73:963-973
- Less Wrong. 2007. „Asch’s conformity experiment.“ Síðast uppfært 26. desember 2007. Sótt 1. september 2015. http://lesswrong.com/lw/m9/aschs_conformity_experiment/
- Lippmann, Walter. 2012. *Public opinion*. Courier Corporation.
- Lowery, Shearon A. og Melvin L. DeFleur. 1988. *Milestones in mass communication research: media effects*. 2. útg. Longman.
- Lyengar, S. og D. Kinder. 1987. *News that matters*. Chicago: Háskólinn í Chicago
- McCombs, Maxwell E. og Donald L. Shaw. 1972. „The agenda-setting function of mass media.“ *The Public opinion quarterly* 36 (2): 176-187.
- McCombs, Maxwell og Amy Reynolds. 2009. „How the news shape our civic agenda.“ í *Media Effects, advances in theory and research*. 3. útg. Ritstjórar Jennings Bryant og Mary Beth Oliver, 1-17. Routledge.
- McQuail, Denis. 2010. *McQuail’s mass communication theory*. 6. útg. Bretland: Sage.
- Montesquieu, Charles de Secondat. [1748]1989. *The spirit of the Laws*. Cambridge university press: New York.
- Morgunblaðið. 2005. „Flokksblað hvers?“ *mbl.is* 19. október. Sótt 5. september 2015. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1044527/>
- Morgunblaðið. 2009. „Aðdragandi sögulegra slita.“ *mbl.is* 27. janúar. Sótt 7. september 2015. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1266297/>
- Múrin. 2004. „Hugsjónalausir flokkar.“ *murinn.is* 25. maí. Sótt 5. september 2015. http://www.murinn.is/eldra_b.asp?nr=1253&gerd=Frettir&arg=5
- Noelle-Neumann, Elisabeth. 2009. „Spiral of silence“ í *A First Look at Communication Theory*. 7. útg. Ritstjóri Em Griffin, 372-382. McGraw-Hill.

Rannsóknarnefnd Alþingis. 2010. „Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.“ Reykjavík.

Simon, Adam og Michael Xenos. 2000. „Media framing and effective public deliberation.“ *Political Communication* 17:363-376

Stille, Alexander. 2006. „Silvio’s shadow.“ *Columbia Journalism Review* 45(3):33-41

Stjórnarkrá Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944.

Vísir. 2011. „10 ár í gær frá stofnun Fréttablaðsins.“ *visir.is* 24. apríl. Sótt 5. september 2015.
<http://www.visir.is/10-ar-i-gaer-fra-stofnun-frettabladsins/article/2011110429662>

Þorbjörn Broddason. 2005. Ritlist, prentlist, nýmiðlar. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Viðauki A

Megin inntak fréttarinnar

Efnahags- og atvinnumál

- 1=Auglýsinga- og markaðsmál
- 2=Efnahags- og skattamál
- 3=Atvinnu- og kjaramál
- 4=Stóriðja
- 5=Annar iðnaður
- 6=Landbúnaður
- 7=Sjávarútvegur, fiskeldi
- 8=Ferðapjónusta
- 9=Viðskipti og rekstur
- 10=Neytenda- og samkeppnismál
- 11=Rafmagns- og orkumál
- 12=Fjarskipti, upplýsingatækni
- 13=Fjármálapjónusta, hlutabréfa- og verðbréfamarkaður

Félags og velferðarmál

- 14=Félagsmál, byggðamál (staða öryrkja, eldri borgara, matarúthlutun, fólksflutningar)
- 15=Fræðslumál
- 16=Heilbrigðismál
- 17=Húsnæðismál
- 18=Hagsmunamál nemenda (LÍN, stúdentaíbúðir, SÍNE, o.fl.)
- 19=Málefni innflytjenda, hælisleitenda, mannréttindamál
- 20=Jafnréttismál
- 21=Þróunarhjálp, mannúðarmál (utanlands)

Frávik, brotamál

- 22=Almannavarnir, hjálparstarf (innanlands)
- 23=Lögreglumál, afbrot, slys, óhöpp (hryðjuverk)
- 24=Dóms- og réttarfarsmál
- 25=Spillingarmál, ásakanir, vanræksla í starfi
- 26=Mótmæli, uppljóstranir (t.d. Wikileaks, málefni heimildamanna)

Stjórnsmál

- 27=Stjórnsýsla (alþingi, stofnanir, sveitarfélög)
- 28=Stjórnsmál (prófkjör, framboð)
- 29=ESB, EFTA, Evrópumál (t.d. EES, Evrópuráðið, Schengen, ÖSE)
- 30=Norðurlandamál, samvinna

- 31=Nató, herinn
- 32=Kaldastríðið (+ nýsnamál, þjónkun við erlend ríki)
- 33=Hafréttarmál, landhelgisútfærsla
- 34=Utanríkismál (önnur)

Umhverfismál

- 35=Umhverfisvernd, umhverfismál, mengunarmál, loftslagsmál
- 36=Skipulagsmál
- 37=Samgöngur og umferð
- 38=Tíðarfar

Menning

- 39=Íþróttir, skipulagðar, líkamsrækt, útvist
- 40=Trúmál
- 41=Vísindi og tækni
- 42>Listir og skapandi greinar (+afþreying, skemmtun)
- 43=Fræga fólkið, slúður

Annað

- 44=Ýmislegt (t.d. á „mannlegu nútunum“ (human interest), viðburðir og tyllidagar)